

## 4. FLUTNINGUR HREYFISKERTS FÓLKS Í SÉRFLUGI

## 4.1 Sérflug getur verið:

- a) Flug þar sem meðal farþega er hópur hreyfiskerts fólks.
- b) Flug þar sem farþegar eru eingöngu hreyfiskert fólk og fólk sem er í fylgd með því (t. d. aðstoðarfólk, hjúkrunarfólk, vandamenn).

Ath. Sérflug er venjulega undirbúið fyrir fram.

## 4.2 Við sérflug skv. 4.1 a) að framan, ber hlutaðeigandi flugrekanda að ákveða fjölda hreyfiskertra farþega sem flytja má. Þeir mega þó ekki vera fleiri en svo að unnt sé að koma þeim fyrir í þeim hluta farþegarýmis sem takmarkast af miðgangi/hliðargangi og tveim neyðarútgöngum sömu megin. Annar þessara neyðarútganga þarf að vera af gerð A, I eða II skv. FAR, Part 25.

## 4.3 Í sérflugi, skv. 4.1 b) að framan, ber hlutaðeigandi flugrekanda að ákveða fjölda hreyfiskertra farþega sem flytja má.

Ath. Fjöldi hreyfiskertra farþega getur verið ýmsu háður svo sem lengd flugs, hjálparþörf hins fatlaða á leiðinni og flugvéartegund.

## 4.4 Í sérflugi ber að koma hreyfiskertu fólki fyrir á þann hátt sem flugrekandi telur hentugastan. Þó má ekki setja það í sætaröð næst glugga sem jafnframt er neyðarútgangur.

## 4.5 Í sérflugi á a. m. k. einn aðstoðarmaður að vera með hverjum fimm manna hópi hreyfiskerts fólks sem er fram yfir þann fjölda sem er leyfilegur við venjulegt flug, skv. gr. 3 að framan. Aðstoðarmaður á að sitja alveg hjá hinum líkamlega fötluðu.

## 4.6 Í sérflugi þarf að fjölga leyfilegum lágmarksfjölda þjónustuliða í farþegarými um einn fyrir hvern 15 manna hóp hreyfiskerts fólks sem er fram yfir þann fjölda sem flytja má skv. gr. 3. í venjulegu flugi. Í stað þjónustuliða í farþegarými má vera aðstoðarmaður skv. 4.5 að framan, ef hann hefur fengið þjálfun, sem flugrekandi telur nægilega, um hlutaðeigandi búnað og notkun hans.

## 5. GILDISTAKA OG GILDISSVIÐ

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 18. október 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Birgir Guðjónsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 53 27. febrúar 1976, um mannflutninga í loftförum, sbr. reglugerð nr. 293 25. júní 1979.

1. gr.

7. gr. orðist þannig:

**Flutningur hreyfiskerts fólks.**

7.1. Um flutning hreyfiskerts fólks gilda ákvæði sérstakrar reglugerðar eins og hún er á hverjum tíma.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 18. október 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Birgir Guðjónsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá Minningarsjóðs Ásdísar M. Sigurðardóttur frá Miklaholti, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. október 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**minningarsjóðs Ásdísar M. Sigurðardóttur frá Miklaholti.**

## 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 6. júlí 1966 af Magnúsi Sigurðssyni til minningar um eiginkonu hans, Ásdísi M. Sigurðardóttur.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —. Tekjur hans verða minningargjafir, er honum kunna að berast, og vextir af höfuðstól hans.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að tryggja kirkjuhald að Miklaholti á Snæfellsnesi. Skal verja tekjum sjóðsins til að viðhalda, bæta og fegra kirkju staðarins, eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma, að svo miklu leyti, sem annað fé kirkjunnar hrekkur ekki til.

## 4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og er hann formaður sjóðsstjórnar. Aðrir stjórnarmenn skulu vera sóknarprestur Miklaholtskirkju og formaður safnaðarstjórnar Miklaholtssóknar. Reikningar skulu árlega endurskoðaðir af endurskoðendum sýslureiknings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Afrit reikninganna skal afhendast biskupi og geymast við embætti hans.

## 5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í banka með ríkisábyrgð eða í ríkistryggðum verðbréfum með verðtryggingum ef auðið er.

## 6. gr.

Fari svo, að eigi reynist auðið að tryggja kirkjuhald að Miklaholti, skal sjóðsstjórnin — í samráði við biskup og þjóðminjavörð — breyta stofnskrá þessari á þann veg, að tekjur sjóðsins renni til varðveislu kirkjuhúss og kirkjumuna í Miklaholti, þannig að fornhelgi staðarins falli ekki í gleymsku.